

Greinar.

Dr. Helgi Pjeturss.

Greinar.

Formáli.

Í greinum þeim, sem hér fara á eftir, er eins og í ýmsu, sem komið hefir eftir mig í »Lögrjettu« og annars staðar, leitast við að stuðla svolítid að því, að vekja íslenzka hugsun og glæða íslenzka athugun. Eins og Baldvin Einarsson, Tómas Sæmundsson, Jónas Hallgrímsson, Jón Sigurðsson og ýmsir fleiri góðir Íslendingar, held eg að ráðvandlega samdar ritgerðir geti komið að miklu gagni og sér jafnvel nauðsynlegar, eins og enn stendur á. Í hverri grein leitast eg við að koma að einhverri nýrri hugsun eða athugun; stundum er þetta smávægilegt, en sumt mun síðar reynast ekki eins smávægilegt og ýmsum kann að finnast fyrst um sinn.

Þó að eg hafi við og við verið að reka mig á, að mér hættir við að ætla ýmsum lesendum meiri dóm-greind en Guð og uppeldið hafa gesið þeim, þá varð eg samt dálitið forvíða, þegar eg komst að því, að menn hafa haldið að ritháttur sá, sem eg hesi á ýmsum greinum mínum, standi í sambandi við einhverja óstöðvun í hugsun. Eg hesi valið þá ritandi sem eg á við, meðfram af því, að eg hygg hana vel fallna til að yta svolítid við lesandanum sem hættir of oft við að taka ekki eftir hvað hann er að lesa. Menn átta sig betur á rithætti mínum, ef eg nefni sum þau rit, sem eg helzt hesi reynt að lera af. Njáls sögu verð eg þar að nefna fyrst, og hygg eg að varla hafi lengra orðið komist í málsnild en þar er sumstaðar. Enginn lærir að rita vel, sem ekki leggur kapp á að lesa aftur og aftur beztu rit og beztu staði í beztu ritum. En vandinn er, að maðurinn

verður sjálfur að geta fundið hvað bezt er; það er ekki nóg að aðrir segi honum það. Latína er það mál, sem eg met mest næst íslenzkunni, og þykir mér þar enginn orðsnjallari en Petronius Arbiter. Ekki hygg eg að eins vel megi lera að rita af nýju málunum eins og fornþalunum; en íslenzka er eins og kunnugt er fornþal. Í nýju málunum, eins og ítölsku, frönsku, ensku, þýzku og dönsku, er svo mikil af miðalda myglu, að það leynir sér ekki, og hefir nokkur áhrif á hugsun þess, sem ritar, hvað mikill snillingur sem hann er. Jafnvel Nietzsche, sem bezt hefir skilið og ritað það, sem að mörgu leyti er bezt af nýju málunum, hneykslar mig stundum eins og t. a. m. þegar hann skrifar »wohlgerathenerer«. Slíkar hugleiðingar eru ekki eins þýðingarlitlar og mörgum mun virðast. Þær geta orðið til þess að menn lærir betur að meta íslenzkuna. Virtum vér Íslendingar tungu vorra og feðra vorra að maklegleikum, þá mundum vér leggja kapp á að hjálpa Norðmönnum fram úr þeim vandræðum, sem nú horfir til í þessu mikla framfaralandi, þar sem danskan, er varla getur talist norrænt mál nú orðið, á í höggi við hinar kúguðu, afskræmdu og örkuðluðu leifar forn-tungunnar þar í landi. Það sem Norðmenn nefna ríkismál er ill dansk; það sem þeir nefna landsmál er enn þá verri dansk með talsverðu af norrænuhræringi saman við. Það stoðar ekki að Íslendingar hjálpi ekki Norðmönnum til að sigrast á þeim

misskilningi, að þetta landsmál þeirra sé norræna, eða geti nokkurn tíma orðið það sem norrænan var; og þegar sú heimska er unnin, mun líka hverfa sú fyrílitning á íslenzkri tungu, sem nú á sér stað í Noregi, Íslendingum og sjálfum Norðmönnum til mikils óhagnaðar. Þetta, sem nú var drepíð á, er svo ríkt í huga mínum, að eg kemst ekki hjá að minnast á það, og verður líklega ekki í síðasta sinni.

I.

Skemtilegt getur verið uppi við jöklar á Íslandi stundum, eins og t. a. m. í Nauthaganum, sem svo er nefndur; skemtilegt getur líka verið uppi á jöklunum, þó að eg kunní nú minna af því að segja ennþá. En komið hefi eg þó upp á Tindfjallajökul, og furðað mig á því, sem eg sá þar, og engir virðast hafa vitað um, baulusteinshnúk miklum, nýlegum eldgígum og hrafntinnuhrygg, háum og bröttum, sem háskasamlegt er að klungrast utan í sumstaðar. Og svo er útsýnið yfir í Eyjafjallajökul og landið undir. Þar verður mér nú orðfall. En mikið var þeim í hug, sem nefndu Þórsmörk og Goðaland, eða Jónasi, þegar hann orti Gunnars-hólma, eins og eg sá bezt seinna um sumarið, neðan af völlunum þar ná-lægt. Er það fögrum draumi likast að horfa uppestir í góðu veðri, og tign landsins og ljómi sögu Gunnars og Njáls samboðin.

En í Nauthaganum, uppi við Arnarfellsjökul, hefi eg séð hesta fljótasta að fylla sig. Þessi furðanlega gróðursæld í Nauthaganum kemur eigi að eins af jarðhita sem þar er, og jökulleðjunni, heldur hjálpar líka til birtan úr jöklinum.

Allir hafa tekið eftir því, að tún í Reykjavík spretta fyr en upp til sveita, og liggja þar til ýmsar orsakir, sem allir sjá. En ekki er langt síðan eg tók eftir því, að birtan af húsunum mun eiga drjúgan þátt i að fyr grær, hesir mér jafnvel virzt mega sjá inun á gróðri eftir því hvað húsin, að túnum og í, eru ljós á lit. Og það hefi eg séð, að aukist hefir til muna grasvöxtur kringum hvítt tjald, sem stóð nokkrar vikur í nátthaga. Mér þykir ekki óliklegt, að athuganir eins og þessar gætu einhvern tíma komið að notum, og eins sólarhitinn mikli, sem getur verið undir Eyjafjöllum. Mætti rækta þar ýmislegt, sem ekki getur þrifist annarsstaðar á Íslandi.

Eins og margir sjá, er ótrúlega mikið undir því komið, að mönnum fari fram í að rækta landið, og sú framför verður ekki svo um munar, ef menn læra ekki að hugsa meira og betur í þeim esnum en verið hefir. En af jurtasaðu verða menn þolnai og miklu síður drykkfeldir, og væri reynandi fyrir drykkjumenn, sem vilja venja sig af, að gerast »grasbitir« um tíma, og líka fyrir þá, sem »gigt« veikir eru. Það má eta brauð (úr ósviknu mjöli helzt), grauta og kaitöflur. En nóg viðbit verður að hafa og gott.

Helgi Pjeturss

Greinar.

Pó að erfitt sé að finna nýjan sannleika, þá er samt enn þá erfidara að koma öðrum í skilning um að nýr sannleikur sé fundian.

Lamarck.

II.

Það er rúmt ár síðan það var fyrir mig, sem eg ætla nú að segja frá. Eg var lengi að hugsa um hvort eg ætti að kalla þessa grein ofsjónir, vitranir eða einungis athuganir; niðurstaðan varð loksins sú sem hér má sjá; eg skrifsa hvort sem er einkum fyrir þá, sem eru komnir svo langt í hinni vandræðu list að lesa, að þeir fara fremur eftir því, hver það er sem skrifar, heldur en hinu hvað hann nefnir rit sitt.

Eg ætla að reyna að vera sem stuttorðastur, og sleppi því ýmsu, sem þó gæti orðið til skilningsauka, og eg ef til vill mun skýra frá seinna. Að eg hef dregið svona lengi að skýra frá þessu og fjölda mörgu öðru sem er líks eðlis, kemur mest af því, að eg veit að margir munu misskilja það. Og mér er svo illa við misskilning og skilningsleysi, í sjálfum mér og öðrum. Það var í maí 1911; eg sat uppi á herbergi mínu, síðari bluta dags, og var að hugsa. Eg hugsaði þá dagana af meira krafti en nokkru sinni á æfi minni fyr eða síðar; þegar eg fór að geta sofið, eða réttara sagt, þegar eg hafði um tíma getað sofið vel, eftir langvint svefnleysi, sem loks haustið 1910 hafði leitt til þess að eg varð ruglaður um tíma, kom svo mikið flug á hugsanir mínar, að það mætti likja því við þegar straumur ryður úr sér stíflu og fossar fram; það sem eg las, skildi eg betur en nokkru sinni áður; liti eg á fjöllin hér í kring sá eg betur en áður; líkamlega hef eg aldrei orðið eins sterkur og þá, gat

lyft meiru og hlaupið lengra án þess að mæðast til munu. Það er nauðsynlegt að geta um þetta, til þess að ekki verði baldið að þessir fyrirburðir, sem hér er sagt frá, hafi stafað af veiklun eða glýju fyrir augum.

Vík eg nú aftur að, þar sem eg streittist við að sitja, eins og sagt er um Njál. Alt í einu sé eg, hvað á eg að kalla það, eins og daft ljós sem tekur á sig mannsmynd, maðurinn var ekki nakinn heldur búinn líkt og grískir eða rómverskir fornmann. »Vofan« eða hvað eg á að nefna það, hvarf fljótt aftur.

Næsta dag var eg um kvöldið staddir niðri í búsinu, og þá var líkt fyrir mig, og var að mér komið að spyrja aðra sem inni í herberginu voru, hvoið þeir hefðu ekkert séð.

Ennþá undarlegra en þetta var það sem bar fyrir mig nokkrum dogum seinna. Það var komið fram undir hádegi, en eg lá í rúminu, var svo niðursokkinn í hugsanir, að eg hafði satt að segja gleymt að fara á fætur. Virðist manni nýtt ljós vera að skína yfir fortíð og nútíð mannkynsins, þá er mikið að hugsa. Eg þykist geta sagt með fullri vissu, að eg var vakandi, og var alls ekki að reyna að setja mér fyrir hugskotssjónir það sem eg sá, eða neitt líkt því. Það sem eg sá, í þetta skifti, var ekki ein »vosa« heldur heill hópur, mér virðist sem það mundi vera, eða réttara sagt, standa í sambandi við, vera eins og fjarmynd af hóp af vitringum. Alt í einu riðlast hópurinn og hrekkur frá, eins og þeir hefðu orðið varið við eitthvað þess eðlis, að óhug hefði slegið á þá; en brátt færðist ró yfir þá aftur, og þeir virtust koma nær mér. Nú brá undarlega við, því að hærra en vitringarnir, og eins og hún stæði uppi á hæð í morgunbjarma birtist kvennaður. Pessi mynd virtist

Greinar.

III.

vera af forkunnar fríðri konu, var hún nakin og sneri að mér vinstri hlíð og geislar stóðu af henni allri, svo sem fet tít frá líkamanum. Eftir stuttu stund hvarf þessi sýn, en eg fór á fætur, undrandi mjög.

Skömmu síðar en nú var sagt frá, fletti eg upp ferðasögu Heines og varð fyrir mér þessi staður: (Cottasche Bibliothek d. Weltliteratur, Heine, 5. bd. bls. 91). »Margir miklir menn hafa þegar gengið á þessari jörð . . . og á heilögum stundum koma þeir oss syrir hugskotsaugu í þokumynd». *

Heine er þarna auðsjánlega að segja frá athugun, sem hann hefir gert, þó honum væri það ekki fulljóst, og þokumyndirnar sem Heine þykist sjá, eru víst sama sem andatrúarmenn nefna anda.

Einnig Goethe virðist hafa athugað ýmislegt líks eðlis og sagt er frá í grein þessari; sjá kaflinn þar sem andi jarðarinuar birtist Fást; »Flammen bildung« nefnir Fást andann og er óef-
að mikil af skáldskap og auðvitað að
beztu tegund í því sem þar er sagt,
en þó hefir það líklega verið vitrun, sem
Goethe yrkir út af. Því að ef menn
skildu athuganir eins og þessar sem
eg hefi stuttlega sagt frá, þá mundu
menn vita hvað er sannleikur í því
sem nefnt hefir verjð vitranir; og
hefir þar nú auðvitað verið margt
samан við.

I fornritum vorum er sumstaðar sagt að menn hafi dreymt líkar myndir og Heine sá, og er annars mjög viða getið um vitranir, og væri mikil framför í skynsemd að vita betur en nú hvernig á þeim stendur.

Helgi Pjeturss.

Þetta sem hér fer á eftir er brot úr ritgerð um Grettí Ásmundarson.

1.

Grettir á einn þátt ættar sinnar að rekja til Hrafnistumanna, eins og Egill og Gunnar. Hann er skáld gott en þó enn þá meiri orðsmillingur á óbundið mál, líkt og Gunnar, sem ekki mun hafa ort, eða lítið, en varla getur hjá því farið að eitthvað af málblæ Gunnars geri nokkuð af ljómanum á Njálu, eins og málblæ Grettis mun nokkuð vera að finna á sögu hans. Grettí svipar lika dálitið til Gunnars um góðmensku og göfuglyndi, og hann getur eftir atvikum varla kallast grimmur eða drápgjarn. Grímdarsögurnar frá barnsárum Grettis má ekki mis-skilja. Afarmenni eru stundum undarlega ólik sjálfum sér á uppvaxtaránum, meðan aðrir hafa vit fyrir þeim, og er annars viða á þetta vikið í Íslendingasögum. Einnig er vert að hugleiða hér það sem sagt er af Nikomedes og Cæsar.

Afl þeirra Gunnars og Grettis virðast sögurnar leggja nokkuð að jöfnu, eins og Páll Melsteð söguritari bentí mér einusinni á. En þó þykir mér ekki ólíklegt, að Gunnar muni hafa verið öllu sterkti, að minsta kosti þangað til á síðari árum Gunnars, þegar mótlætið virðist hafa unnið nokkurn bug, jafnvel á hans stáltaugum. En sjallaloftið og jökla hefir ef til vill baett Grettí svolitið.

Ólánssamur var Grettir, að lisa ekki á 10. öld, eða öllu heldur, að þessi illu umskifti skyldu veiða, sem að nokkru leyti eru kunn, en lítið virðist hafa verið reynt til að skilja. Varla nokkurn af sínum afbrigðsmönnum bafa Islendingar jafn illa leikið og Grettí, og þó að það þjóðareinkenni,

sem finna má um flest lönd, að níðast á sínum beztu mönnum, eða að minsta kosti að ganga of oft í lið með óvinum þeirra og sínum, hafi mjög látið á sér bera á Íslandi, þá kveður þó mest að þessu úr því kemur fram yfir árið 1000.

2.

Gaman hefir Gretti þótt að lífa stundum, og ekki sízt þegar þessi Herakles Norðurlanda halði þetta svalað þrá sínum til að reyna jötunaf sitt, þó að ekki væri nema á því að hefja eitthvert bjargið, sem tveir og þrír og fleiri hefðu orðið að ganga frá. En ómerkilegt og ógöfugmann legt var það flest, sem hann fekk að reyna sig á, þessi margra maki, hja því sem vert hefði verið. Og hvíllkraftaverk Gretta hefði getað umnið, hafi frændi hans, Ólafur konungur digri, gert kraftaverk. Ólafur Haraldsson mun hafa verið ekki alveg ólíkur Gretti frænda sínum á vaxtarlag og jafnvel fleira, þó að miklu væri hann minni maður og verri, hvar sem á hann er litið. Það virðist hafa verið dálitið líkt með Ólaf og Gretti, eins og Harald hárfagra og Þórólf Kveldúlfsson, sem var eins og Harald grun adi, ennþá meiri maður en hann og betur fallinn til að vera konungur yfir Noregi.

Grettir hefir verið svo frábær á vöxt, að hann æsti undireins ösfund annara þeigu sér, líkt og Gunnar. Óf mikil af þessu ógæfutali við Gretti framan af, virðist sprottið meðfram af ösfund og löngun til að segja honum eitthvað óþægilegt. En ógæfa Grettis átti raunar langmest rót sína í heimsku samtíðar hans. En svo var straumur lifsgleðinnar sterkur í þessum godvöxnu línum og í þessu ótrúlega viða brjósti, að ólánid fær ekki haggad ró hans fyrst framan af, og hann er jafnglaður að sjá, þó að alt kæmi »senn að svinnum«, útlegðardómur og dauðafregn Atla.

Þessi líkami var svo vel gerður að hann kunni varla að mæðast á sundi eða blaupum; þessum manni gat varla orðið kalt; kvef og sóttir þekti hann ekki af eigin reynd; orkan var margföld við meðalmannsorku. Engum sem hefir lært af hinum mikla specking Lamarck, og öðrum sem hafa leikið þá furðulegu andlegu afraun að sjá að líftegundirnar umiskapast, getur dulist, að i Gretti er ný tegund að reyna að skapast, tegund sem mætti sjálfssagt velja eitthvert snjallara heiti en orðið sem Goethe hefir tilbúið henni »Übermensch«. Hefir Nietzsche, hinn mjög svo misskildi, gert þessa hugmynd heimsfræga og hugsað og skrifsað margt merkilegt og stórviturlegt í þær áttir, en sumt þó að mér virðist mjög af misskilningi og ónógrí þekkingu. Og mun það mega segja um alla oss, því að efnið er vandasamt.

Eitt af því sem mannkynið er að striða við, því alt of ómeðvitað því miður, er að stækka lungun og auka blóðhitann. Takist það þá eru sóttir úr sögunni flestar. Það er þetta sem hefir tekist með Gretti. Hann er svo ókulvís að hann er berhöfðaður hvernig sem viðrar, og það er vegna síns mikla blóðhita og eigi einungis vegna krafta sinna, sem hann treystir sér svo vel, að hann kveðst ekki munu á sundi drukna. Og líkt hefir verið um Gunnar. Það er ekki einungis af því að Gunnar er svo sterkur, heldur af því að lungun í honum eru svo óvanalega stórá og góð, sem hann getur blaupið svo, að meir virðist í aett við flug en blaupvanalegra manna.

Auðvitað voru fleiri tilraunir í þessa átt, en Grettir og Gunnar. Því að á 10. öld var vaxtarbroddur mannkynsins á Íslandi og ef til vill hafa aldrei á jörðunni verið til efnilegri menn, en þá á Fróni. Fyrir og eftir 800 var vaxtarbroddur mannkynsins í Noregi. Einu sinni var hann suður í

Greinar.

III.

3.

Himinfjöllum, og þaðan var hið nýja góðumlika mannkyn, sem nefndist Ásir. Á Grikklandi var svipuð tilraun gerð, og síðar á Ítalíu; en alt mistókst.

Jornarbókmentum lífa nokkrar menjar þessara tilrauna, einkum grískum, rómverskum og íslenzkum; eru þau mál og þær mentir göfugri en önnur mál og aðrar bókmentir. Einkum eru Íslendingasögur merkilegar og verða að mér virðist, enn þá merkilegri í þessu ljósi, (framsýn og fjarsýn Njáls og Helga, og hatursleysi Gunnars áttu að verða andleg einkenni hins nýja mannkyns), og enn þá hörmulegra margt sem af er sagt í þeim en áður, þegar menn fara að skilja hvað það var sem heimskan vann sigur á.

Nú er, sakir heimsku hvítra manna, og sérstaklega sakir skilningsleysis þeitra á þeim sem einkum stefna upp á við, vaxturbroddur mannkynsins; liklega ekki lengur með hvíta mannkyninu, heldur í Japan, þar sem karlmenn og kvenmenn geta synt saman án þess að hneyksla nokkurn, eins og Tacitus segir svo fróðlega að hafi átt sér stað á Þýzkalandi, áður en kristni kom þangað.

Hebreyskar fornþókmentir eru auðvitað lika að ýmsu leyti fróðlegar um þau efni sem vikið var á, og að »op-inberunin« er í þeim að sumu leyti greinilegri en í grískum, rómverskum eða íslenzkum ritum, kemur af svipuðum ástæðum eins og það, að meira segir af Himnatíki í ritum eftir Agustínus en Cicero, þó að Cicero sé snillingur meiri.

Eg verð að biðja menn að afsaka þó að þetta síðasta kunni að vera nokkuð myrkt. Málsefni eru hér býsna mikil, en eg verð nú um sinn að snúa frá þessu og að einni þeirri sögunni af Grettii, sem ótrúlegust er, en ekki ófróðlegust, sagan af viðureign hans við Glám.

11. júní.

Helgi Pjeturss.

Mörgum hefir á síðari tímum þótt lygilegur Gláms-þáttur í Grettissögu, og er það nokkuð að vonum. En þó virðist það ekki ervitt að sjá, hvers konar sannleikur það er, sem þar hefir sntist um í skáldskap og þjóðsögu.

Glámur segir sagan hafi heitið sauðamaður á Þórhallsstöðum í Forsæludal, sænskur maður, mikill og sterkur og undarlegur í yfirbragði. Það varð eina jólánott, að Glámur kom eigi heim frá sauðageymslunni, og er hans var leitað daginn eftir, fanst hann dauður og illa útleikinn. Það héldu menn, að meinvættur hefði orðið honum að bana, og eignuðu henni spor stórv, er menn höfðu rakið þaðan frá sem Glámur lá dauður, og fylgdu þar með blóð-drefjar miklar. Hugðu menn að meinvætturinn mundi hafa fengið áverka nokkurn í viðureigninni við Glám og drepið af, enda þóttust aldrei verða varir við þá meinvætt síðan. En annað þóttust menn verða varir við, Glámur lá eigi kyr og drap hann annan sauðamann útlendan fyrir Þórhalli á Þórhallsstöðum, tveggja manna maka sem Þorgautur hét. Afturgöngunum létti þegar sólargangur var mestur, en ágerðist þegar haustaði og féð var heimt af fjalli.

Í þessari sögu er nú ekkert ótrúlegt ef vér gerum ráð fyrir, að bani Þorgautur hafi hlótist af sömu orsök og dauði Gláms, viðureign við hvítabjörn, en Glámur hafi legið grafkyr þegar hann var dauður, engu síður en Þorgautur og aðrir dauðir menn. Hvítabjörninn sem reimleikunum olli, elti féð inn á afrétt á sumrum og kunni þar bezí við sig, en kom með því aftur ofan í dalinn þegar haustaði. Er engin furða þó að sporin væru nokkuð stór, sem getið er um að framan,

þó að ekki hafi þau nú verið eins og keraldsbotni hefði verin niður skelt, hvítabirnir eru allra bjarna fótstærstir, geta orðið 2000 pund á þyngd eða meira og eru með sterkstu skepnum. Dýrið hafði fylst grimd og mannhatri eftir viðureignina við Glám, sem sjálf sagt hefir meitt það eitthvað, og þegar það var farið að þekkja mannaþefinn fór það að leita heim á bæinn i heiftarhug.

Nú kemur Grettir til sögunnar; var honum mikil forvitni á að reyna sig við annað eins ofurefli örðum mönnum eins og Glámur var sagður. Skrittið er að sjá, hvernig sannleikurinn, eða það sem eg hygg helzt vera sannleik, gægist fram sumstaðar í þessum Glámsþætti, þó að sögumaðurinn hafi ekki hugmynd um hver þessi Glámur var. »Glámur« kemur heim á bæinn aðra nótina, sem Grettir er þar, og kemst inn, eftir að hafa leitað nokkuð fyrir sér, því að hurðarfleki var bundinn fyrir útidyrnar og »óvendilega um búið«. »Og er upp var lokið hurðinni, sá Grettir að þrællinn rétti inn höfuðið, og sýndist honum afskræmilega mikið og undarlega stórkorið«. Sízt furða, þar sem þetta var höfuð á ísbirni. »Glámur fór seint, og réttist upp er hann kom inn í dyrnar«. Björninn rís upp á aftursfaterna þegar hann sér mannum; »hann gnæfði ofarlega við rjáfrinu«; hvítabjörn er hátt á fímtu alin á hæð á aftursfotnum, og er ekki undarlegt þó að haugbúar og aðrar afturgöngur hafi stundum virst staðri og þreknari en mennirnir höfðan verið, og þótt ofurefli að glíma við, jafnvel þeim sem sterkir voru. Grettir kvaðst aldrei í slíka afstraun komið hafa eins og þegar hann átti við Glám, og hafði hann þó glímt við björn í Noregi, en það var landbjörn og er hann minni og ósterkari en ísbjörn. Sýnir, af öllu sem sagt er um Grettii, ekkert

betur hversu ótrúlega sterkur hann var og harðvaxinn en þetta, að björninn skyldi ekki kremja hann til bana þegar hann lagði að honum brammana, eins og hann hafði kramlð til dauðs þá Glám og Borgaut; og björn gæti það hafa verið, en varla menskur maður, sem hafði aflat til að leggja svo fast að síðum Kórmaks, að hann beið bana af.

Vel getur það verið satt, að Grettir hafi eftir viðureign sina við Glám »séð ofsjónir«, en fult eins líklegt þykir mér, að myrkfælinn hafi hann ekki orðið fyr en hann fór að hrekjast um á öræfum og varð að hafa ofan af fyrir sér með ránum og sauðapjófnadí. Er sumt, sem bendir til þess, að æði hafi komið á Grettii stundum í útlegðinni, (og virðist sumt af höfuðorum hans komið inn í söguna). Ef til vill hefir þetta með fram verið þess valdandi hvað menn voru ófúsir á að taka við honum.

Fleiri birni mun Grettir hafa drepið en hiðbjörninn og »Glám« og gæti að því lotið, þar sem sagan segir, að hann hafi verið lagnari en aðrir menn á að koma af reimleikum og afturgöngum. Birnirnir eru ekki alt af afturgöngur í sögunum; stundum eru þeir gerðir að jötnum, eins og björninn, sem Grettir drap í Bárðardalnum. Vel getur verið, að þar sé til einhver hellisskúti, sem ekki verður í komist nema af sundi, og að björninn hafi haft þar bæli sitt, og Grettir heimsótt hann þar og kveðið síðan vísunu sem í eru þessi fallegu orð:

Fast kom framan að brjósti
flugstráumur í sal Naumu.

Á Grettis dögum var loftslag á Íslandi verra en áður hafði verið, og birnir hafa komið til landsins með hafis.

Helgi Pjeturss.

Greinar.

IV.

Eg dvaldi í vetur á stað þar sem flestir gestirnir voru Svíar, sánski gyðingar einkum, og Norðmenn, og bar ekki á öðru en bezta samlyndi þeirra á milli. En þó eru Svíar enn þá að hatast við Norðmenn heima fyrir, og eru það sánskir gyðingar sem þar eru illorðastir, og geta ekki fyrirgefíð Norðmönnum, að þeir skyldu vilja ráða fyrir Noregi sjálfsír. Einungis íslenzk blöð hafa getið um rit sem hinn víðfrægi sánski landkönnuður dr. Sven Hedin (gyðingur að ætterni) gaf út í vetur; nefnir hann Norðmenn þar Norrbagga, en svo eru annars nefndir norskir hestar; er það einn vottur um þá niðurlægingu sem Norðurlandamál eru komin í nú á dögum, að menn skuli nefna hestana bagga. Rit Hedin var prentað í meir en 400,000 cintökum og er ilt til þess að vita, að slikt kapp, eða neitt líkt því, skuli ekki vera lagt á að fræða þjóðirnar um ýmislegt það, sem nauðsynlegt er að vita, eins t. a. m. það, hversu háskalegt ryk er, einkum hörnunum, og hversu nauðsynlegt, meðan brjóstveikiskveikjur kunna vel við sig í mammalungum, að kera að anda, að síð Japana, sem fremstir munu vera nú á tímum að likamsnentun, eins og ef til vill mun sýna sig á íþróttamótinu í Stokkhólmi í sumar, eða seinna. Eða þá að alþjóð skuli ekki af kappi vera frædd um ýmsa illa sjúkdóma, sem eg er stundum að furða mig á hvað læknarnir minnast lítið á í blöðum og tímaritum syrit almenningu. Meiri upplýsing, meiri breinskilni og meiri þrifnaður einkum af kvenfólksins hálfu, mundi útþýma þessum sjúkdómum til fulls. Því í ósköpunum nota læknarnir ekki, þar sem svo mikil liggur við, það málfræsi, sem þeim í slíkum efnunum

er gefið umfram aðra menn. Er það illa viti, að þessi andlegi óþrifnaður, sem hræsnin er, skuli ekki eiga sér læknana að verri óvinum en hún á vanalega.

Í riti Hedin er enginn þarflegur fróðleikur, heldur er það ofsafengin hvöt til Svía um að kosta meiru til herbúnaðar en áður, og getur greindum lesanda ekki annað en komið til hugar, að mikil af þeim miljónum, sem Hedin og slíkir, vilja að varið sé til aukins herafla, mundi renna í vasa auðugra námueigenda og verksmiðjueigenda. Hedin er ófæð járnduglegur maður, en vísindamaður virðist mér hann miklu minni en Nansen, sem líka er ritsnillingur meiri; en á síðari árum hafa ýmsir viljað gera meira úr Hedin.

V.

Eg fór einu sinni í vetur sem leið að horfa á glímur; eg fór mest til að skoða kroppana á glínumönum, miklu síður til að sjá hver annan feldi. Þetta var suður í Kaupmannahöfn, gyðingabænum sem nú heitir Kuvenhán, og margir Íslendingar hafa merkilega rangar hugmyndir um.

Ungverjar voru þarna tveir, og Norðmenn, auk Dana. Fróðlegastur þótti mér annar Ungverjinn. Auðunn hét hann að fornaðni (Ödon), nærrí því eins og hann væri kominn af Auðuni Skökli, sem var íslenzkur landnámsmaður eins og menn vita, og forfaðir Auðuns þess, sem var svo sterkur, að hann hafði að nærrí því við Gretti sjálfum. En miklu seinna var kominn af Auðuni Skökli Águst hinn sterki, manna rammastur að afli og kvensamastur, og voru börn hans nærrí því eins mörg og dagar í árinu (352). Er att þessa kjörfursta því vlða nú orðið, og alls ekki óhugsandi, að Auðunn þessi sé af honum kominn. Ungverjinn var nærrí svartur á hár, og þó fríður sínum, líkt og segir um Grím Njálsson, ekki nema meðalmaður á hæð, eins og Ólafur konungur digri,

VI.

annar af niðjum Auðuns Skökuls. Brúnn á hörund, en hvort það var af sólskini meir eða suðraðni móðurætt, veit eg ekki.

Starsýnt varð mér á handleggina á þessum manni, axlavöðvana og allan umbúninginn á herðablöðunum. Hefði eg verið myndhöggyvari, þá hefði hann ekki fengið að slcpa fyr en eg hefði náð mynd af honum ofanverðum. Fótahluturinn var ekki eins. Maðurinn virtist ekki hafa tamið sér eins mikil hlaup eins og aðrat íþróttir. En herðar og handleggi hafði hann lagt rækt við frá barnæsku. Og eigi einungis hann, heldur sjálfsagt líka faðir hans, og lengra fram, eins og áður er á vikið. Eg hygg að aßvöðvinn aftan á handleggnum (triceps), hafi á þessum manni verið gerður langt á leið að því að verða eins fagur og í honum bjó, og hann minti á pessa Rómverja, sem forðum æfdu sig á Marsvelli og víðar, í að skjóta spjóti og í öðrum íþróttum, sem ekki verða vel framdar, nema með mjög sterkum upphandlegg að aftanverðu. En hve mjög vopnaburður muni hafa reynt á aßlið og æft það, virðast margir ekki gera sér ljóst, eða hvílkt heljar-ast þurfti til að vega mann upp yfir höfuð sér á spjóti, eins og Þórólfur gerði og Gunnar.

Ekki þurfti að segja mér til um Norðmanninu; eg þekti svipum, og vasklegast gekk hann fram á leiksvíðið. En þó fóll hann; hann var ekki eins æfður og hinir. Íþróttum hefir hnignað í Noregi, líkt og á Íslandi, en nú er að lífna yfir þeim astur þar í landi, og vonandi að sú endurreisn nái, þegar stundir líða fram, einnig til málssins, og gæti það orðið fyr en varir, ef Íslendingar skilja sína »kóllun«.

Eg hef í einni af þessum greinum minst á, að ýmislegt undarlegthafi borið fyrir mig, sumt af því raunar áður en eg varð ruglaður upp úr svefnleysi — eða brjálaður ef menn vilja það orð heldur — haustið 1910, en miklu meira þó raunar þá og síðan. Ætla eg að segja svoltíð meira af þessum höfuðórum mínum; þeir hafa oft verið skriftnir og get eg varla efast um, að mig hefir stundum órað fyrir því, sem síðar hefir fram komið. Eg er betur og betur að skilja hvernig menn fóru að vera forspáir, til forna, og hvers vegna menn voru það helzt á gamals aldri. Þessir höfuðórar virtust oft standa í einhverju sambandi við hinn nýlátna konung, Friðrik 8., og var það því undarlegra, sem eg mun hafa hugsað fremur litið um konung og konungsættina, og hafði ekki séð konung þegar hann kom hingað til lands; en nokkrum sinnum hafði eg séð hann í Kaupmannahöfn, áður en hann varð konungur. En það er skemst frá að segja, að annan páskadag 1911 var eg á ferð vestur yfir Hellisheiði; þegar eg er kominn nokkru lengra en á miðja heiðina, heyri eg kallað á dönsku: »Guð hjálpi mér.« Það var kallað oftast en einu sinni og í örvaræntingarróm. Mér virtist helzt sem þetta mundi vera rödd konungs, en þó var mér fyllilega ljóst, að enginn konungur var þar á heiðinni, og að þetta var ofsheyrn. Gat eg af því ekki um þetta við neinn mann.

Nokkru eftir að eg kom heim »sá« eg einn morgun, mann liggjandi í rúmi sínu; var hann í andliti eins og ofshiti væri í honum. Mér virtist þetta vera andlit konungs, og kom þetta í hug þegar eg sá þess getið í blöðunum í vetrur, að hann væri lagstur í lunginabólgu. Hvarflaði mér þá í hug hvort konungur mundi ekki eiga skamt eftir ólifað.

VII.

Eg væri ekki að segja frá þessu ef eg héldi ekki, að súkar athuganir manna, sem hafa skynsemisaf til að ná aftur fullu viti eftir annað eins og það, sem fyrir mig kom haustið 1910, mundu geta orðið mjög þýðingarmiklar fyrir sálvísindi, þegar fram í sækir. Skal enn sagt lítið eitt af þeim höfuðórum mínum, sem konung snertu. Það var einu sinni um haustið 1910, sem mér virtist sem konungur mundi staddur í háská miklum, í gesthúsi í borg, þar sem gyðingar réðu mestu. Virtist mér eg sjá hann vera að reyna til að risa upp í rúmi sínu. Það er svo margt, sem fyrir mig hefir borið, að eg var nærrí búinn að gleyma þessu, en það hefir rifjast upp fyrir mér síðan það fréttist, að konungur hefði dáið, öllum ókunnur, í gesthúsi í Hamborg.

11. júli.

Helgi Pjeturss.

Athugasemd. Í einni af greinum mínum í *Lögréttu* í vetur, stóð að Ari sterki, sonarsonur Ara frða, hefði borið sjö manna byrði. Mig minni að þetta stæði í Sturlungu, en svo er ekki. Þegar eg tólk eftir þessu, sendi eg Lr. leiðréttingu, en það hefir gleyst að prenta hana. Það er hugsanlegt að ráin sein Ari bar, hafi ekki verið nema þriggja manna byrði, og væri ekki ófröldlegt að athuga þetta betur, eins og sjálfsgagt mætti.

H. P.

Leiðréttigar.

I ritgerð minni 1. B. h. Skirnis p. A., er sagt að Hallgrímur hötinn Melstöð var i 6. maður frá Hrólfsi storka, en hann var 7. — Þar standur tilka, að Oddur storki hafi dáið skóðmuu ottir 1600 eins og Hrólfur; en það mun vera misminni að fróður maður hafi sagt mör svo. Oddur var miklu yngri maður en Hrólfur, fæddur um 1570. — I sömu ritgerð er prontað Malborough f. Marlborough, og ottirkotavort f. ottirkotkar vort.

H. P.

Það var einu sinni seint í fyrravetur, sem mér heyrðist eitthvert undarlegt marrandi hljóð, að eg hygg líkt því sem sumir hafa þótst heyra stundum þegar norðurljós eru. Jafnframt skaut því upp í meðvitund minni, að einhversstaðar á öðrum himinhneti væri með vélum, sem óþektar væru hér á jörðu, verið að reyna að koma á sambandi við mennina. Ef til vill væri réttara að segja: skaut því inn í meðvitund mína; mér fanst svo greinilega að þessar undarlegu og ótrúlegu hugsanir kæmu utan að, en risi ekki af minni eigin viðleitni. Að hugsanir annara geta einstöku sinnum smeygt sér inn í huga minn svo að eg get leisid þær, veit eg, held eg mér sé óhætt að segja með vissu. Eg hef mikil um þetta efní hugsað, og ekki sízt síðan eg las fyrir nokkrum árum, að Goethe hét að hann hefði stundum getað fengið aðra til að hugsa sumar hans hugsanir, þó að hann þegði alveg yfir þeim.

Nú hefir mér að vísu fyrir löngu fundist það mjög heimskulegt, sem menn hafa stundum verið að stinga upp á, að mannkynið ætti að reyna til að gera Marsbúum vait við sig með einhverju því sem stjórnusfræðingar á Mars gátu athugað. Eins og Marsbúar, væru þeir nokkrir, mundu ekki fyrir löngu hafa vitað að á jörðinni er mannabygð. Og eins og þeir mundu ekki fyr reyna til að komast í samband við jarðarbúa, en þeir við þá. Og þegar mienn hugleida svoltið Marconitækin, sem bygð eru á uppgötvun Heinrichs Hertz á magnoldum þeim sem við hann eru kendur, og ekki þarf að lýsa hér, enda gera það margir betur en eg, þá virðist, að minsta kosti eftir að ekki erfitt að hugsa sér hverskyns sambandstilraunir það mundu vera, sem Marsbúar gerðu, og heldur ekki að þeir mundu atlást til, að það væri mannhöfuð sem á jörðunni tæki við skeytunum, í stað einhverskonar Marconitækja, sem einnig hér á jörðu munduliklega þykja fremur steinaldarleg eftir t. a. m. 500 ár.

Þetta sem eg hef drepið á stuttlega, hugsaði eg mér nú ekki undir eins og eg þóttist verða var við þessi skeyti frá »öðrum heimi« eða réttara sagt, annari jörðu. Hugsun minn lá fram eftir vetrinum eins og í lamasessi og hvíldi sig. En seinna, þegar eg fór aftur að hugsa af alvöru, þá fór eg að virða þetta fyrir mér og í því ljósi sem þá brá upp, ýmislegt af því, sem eg hafði geymt í huga mínum frá því um haustið og veturinn.

Eitt af því var þetta. Jeg sat einn í herbergi. Þóttist eg þá sjá yfir úthafið, eyðilegt og endalaust ólgandi. Og yfir hafinu leið fram sveimur af einhverju lýsandi og blikandi; var það glesileg sjón; getur vel verið að eg hefði kallað þetta stjörnur, hefði mér ekki, með undarlegum hætti, komið í hug að þetta mundu vera einhverskonar flugvélar; síðan sá eg þessar »stjörnur« liða eða hrapa niður á hafið, og þykist eg ekki vita hvort af slysi var eða ásettu ráði.

Löngu seinna var eg að lesa í opinberunarbókinni, það er að segja opinberunarbók þeirri, sem kend er við Jóhannes; opinberunarbækurnar eru annars margar; ein slík bók er Ilionskviða, innanum og samanyið, önnur heitir Edda, og í bibliunni eru opinberunarbækur Esekiels og Daniels.

En í opinberun Jóhannesar standa þessi orð (9. kafli): »Og fimti engilinn bássúnaði, og eg sá stjörnu, er fallið hafði af himni ofan á jörðina, og henni var fenginn lykillinn að brunni undit dýüpssins.«

Þetta er undarleg lýsing; stjarna sem hrapar ofan á jörðina og er þá auðsjánlega alt í einu orðin að manni eða einhverri slikri veru, sem fer og lýkur upp stað sem er nefndur brunnur undirdjúpanna. En alt verður þetta skiljanlegt hafi það sem Jóhannes sá, verið blikandi flugvél, sem í hans augum var eins og stjarna; Jóhannes sér flugvélina lenda, og sá sem flugvélinni stýrði er það, sem lýkur upp »brunni undirdjúpanna«. Og úr þessum brunni koma »engisprettur« sem eru ekki síður ólíkar engisprettum en »stjarnan« stjörnu. »Engisprettur« voru að ásýndum »svipaðar hestum, búnum til bardaga, og á höfðum þeirra voru eins og kórónur, líkar gulli, og ásjónur þeirra sem ásjónur manna. Og þær höfðu hár sem hár

kvenna, og tennur þeirra voru eins og ljónstennur. Og þær höfðu brynjur eins og járbrynjur, og vængjabyturinn frá þeim var eins og vagnagnýr, er margir hestar bruna fram til bardaga. Og þær hafa hala líkan sporðdrékkum». Þegar eg las þetta kom mér í hug »gandreiðin« sem Hildiglúmur sér fyrir Njálsbrennu og er eldshringur utan um; líka komu mér í hug japónsku vængjavélarnar fyrir einn mann, sem Herbert Wells lýsir í framtíðarsögu sinni, striðið í loftinu. En það er getgáta míin, að bæði »engisprettunar« og gandreiðin sé flugvélar sem birtst hafi í fjarsýn, en raunart verið á ferð á öðrum himinhnöttum, þar sem slíkt er lengra komið en á þessari jörð. Halinn á »engisprettunum er stýrið, »stélið« á flugvélinni, eða vélflugunni. Og vel hugsanlegt er að þessar flugvélar hafi þar á staðnum verið nefndar sama nafni og engisprettur, sem eru fleyg skorkvíkindi. — Þessa getgátu mína byggi eg á mjög mörgu og inargvislegu, sem ekki er tekið fram í þessari grein, og virðist mér hún æ því sennilegri sem eg hugsa betur málið.

Ekki kemur mér á óvart, þó að margir muni telja það markleysu sem eg er að fara med. Menn eru svo vanir að álita ýmislegt sannleik, sem er heimska, að þeir hafa skemt á því skynsemi sína, og halda oft að það sé heimska sem er sannleikur, eins og saga visindanna og heimspekinnar sýnir svo vel og hryggilega og saga trúarbragðanna ennþá betur og ennþá hryggilegar. Annað er það, að sé þessi getgáta rétt í adalatriðinu, þá er hér að ræða um uppgötvun sem meira mun af leiða en flestum öðrum. En það má heita alþjóðatrú, að á Íslandi geti ekki komið upp nýjar hugsanir, og margir Íslendingar hafa þar sjálfrir kúgast látið, eins og varla er að furða, því að hér hefir illa viðræð fyrir þá sem helzt geta hugsað nýjar hugsanir, þó að margan slíkan hafi þjóðin eignast og útlægan gert, á ýsmán hátt.

15. júlí 1912.

Helgi Pjeturss.

Greinar.

VIII.

Margir hafa þeir Norðmenn verið, sem mér er vel við, og sem eg óska að enn þá bygði ysírborð jarðar. Einn af þeim er Erlingur á Sóla, »konungurinn Ryggjanna«. Erlingur var sonur Þórólfs skjálgs, en skjálgur er sama sem skeleggur, hvass. Erlingur Skjálgsson hygg eg hafi verið talsvert líkur goðanum á Grind, Sighvati Sturlusyni, forföðurs Baldvins. (Goði á Íslandi = fylkiskonungur í Noregi?)

Annan Skjálgsson er mér enn þá betur við en Erling; það er Eyvindur skáldaspillir. Faðir hans var Finnur skjálgi, sonur Eyvindar lamba (hrokkinhærður mun hann hafa verið) og Sigríðar í Sauðnesi. En af þeim var kominn Gunnar á Hliðarenda að móðurætt, og finst mér eg skilja betur, eftir að eg veitti þessu eftirtekt, hvers vegna Eyvindur orti Íslendingadrápu. Góður var heilinn i Eyvindi, og traustlega um hann búið, eins og sjá má af því, að »egg öll var fallin úr öxinni« sem Ásmundur Grankelsson hijó í höfuð Háreki syni hans. Eyvindur var skáld svo mikil, að hann orti sér nærrí til ólisí og til fullrar fátaektar, hinnum mestri ágætismaður og varð félaus, eins og segir um Brodda Þórisson; og hefði um margan mátt komast öfugt að orði, bæði fyr og síðar.

Rauður hinn rammi hefir ekki verið eins frægur og þessir menu, sem eg nefndi, og var þó ágætur maður, sterkur mjög, og þó annað enn þá betur gefið. Hefir sennilega á Norðurlöndum, og þá varla annarsstaðar, aldrei verið meiri skipasmiður en Rauður var. Vakti hann nýja öldu í þeim efnunum, og þó litla sem hjá því hefði getað orðið, hefði snillingsins notið betur og lengur við. Til hans verður að

rekja, að Ormurinn langi var gerður; og þó ekki eins vel og hefði Rauður smíðað Orminn og staðið í sporum Ólafs Tryggvasonar um tilöflun til skipsins og mannhjálp.

Rauður hinn rammi átti heima í Goðey, er það norðarlega við Noreg, en reyndist þó of nærrí konunginum, Ólafi Tryggvasoni, einum af verstu mönnum, sem ráðið hafa ríkjum. Hygg eg að Ólafur hafi verið næsta svipadur Jóhanni landlausa, bróður Ríkarðs ljónshjarta; var Jóhann líka grimdar-skatt, en íþróttamaður mikill og hinn snarasti. En af íþróttum Ólafs Tryggvasonar er annars auðsjánlega ofögum sagt í Heimskringlu. Ekki var Ólafur eins sterkur og Einar þambarskelfir var 18 ára gamall, og ekki var hann eins fóthvatur og Þórir hjörtur, vinut Rauðs; setti Ólafur hundinn Víga á Þóri, og fékk með hundsins bjálp banað honum. En Rauð lét Ólafur konungur kvelja til bana á hræðilegasta hátt, og fekk Rauður þar svipuð laun eins og ýmsir þeir sem leiðtogar hafa verið á framfarabraut mannyknsins. Tók Ólafur konungur, eftir Rauð dauðan, dreka hans, sem friðast skip var í Noregi, og svo gott siglingaskip, að sagt var að Rauður hefði »jafnan byr hvert er hann vildi sigla«.

Ólafur konungur lét gera Orminn langa eftir dreka Rauðs. En þó að Snorri segi, að Ormurinn hafi verið skip bezt gjört í Noregi og með mestum kostnaði, þá mun hanu þó ekki hafa verið eins vel gerður og dreki Rauðs, og ekki annað eins gangskip; og vantaði þar illa hönd og höfuð snillingsins, sem Ólafur hafði kvalið lifið úr. Ólafi Tryggvasoni hefndist fyrir niðingsverkið, því að ekki hefði hann fallið í Svoldarorrustu, hefði Rauður staðið fyrir smíð á Orminum, og gert hann svo, að önnur skipin sigldu ekki frá honum. En Ólafur

Tryggvason var nú raunar of gamall orðinn, og er eins og goðin hafi séð aumur á Noregi, að verða lúta þessum kvalara, er kom til ríkis eftir haun Eiríkur jarl Hákonarson, einn af beztu mönnum sem ráðið hafa ríkjum, og var hann ekki grimmur maður þó að hann væri hermaður ekki minni en Ólafur Tryggvason.

Það er undarlegt, að ekki skuli vera saga hins ágæta Noregshöfðingja, Eiríks jarls, í Heimskringlu; má ef til vill af því nokkuð marka hversu ríkt var orðið á Íslandi konungsvaldið norska, það vald sem stýrði íslenzkri öxi í bið ágæta höfuð, sem vér verðum varir við á hverri blaðsíðu í Norðeskronungasögum og viðar.

13. júlí.

IX.

Einu sinni í veturnáttí eg tal við þann sem frægastur er af dönskum rithöfnum, rit- og mannfræðinginn dr. Georg Brandes. Furðaði eg mig á, hvað þessi gamli ritsnillingur er fjörlegur enn, og vingjarnlegur í viðmóti, eins mikið og honum hefir verið vanþakkað; varð hann einu sinni að flýja land eins og kunnugt er. Ekki er ríkmannlegt í kring um Brandes, bjá því sem vera mundi, hefði hann verið vitringur minni, en stundað kaupskap, eins og svo margir af Ísraels att, og unnið minna gagn landi sínu. Ekki er Brandes bjúgnefur, og virtist mér bregða fyrir Arabasvip í andliti hans, enda ekki óliklegt, að einhver norrænn þáttur sé í honum. Er Georg Brandes hugprúður maður og hefir oft leitað á þann straum, sem svo þungur er að vaða í gegn og flestum er ofuresli að eiga við. Mig minnir að Björn Halldórsson kalli það straum hleypidómannan; væri óskandi að nú væru margir á Íslandi slíkir eins og séra Björn í Sauðlauksdal, og ekki var hann minni maður en Georg Brandes.

Brandes talaði margt, og mintist oftar en einu sinni á að sér blöskraði ofurmeginn mannlegrar heiminsku, og hafi eg skilið hann rétt, þá fanst honum helzt hún hafa farið í vöxt á síðari árum, ásamt ýmiskonar úlfúð, og þegar til lengdar lætur, heimskulegri sérdrægni gróðamanna. En svo margt sem mér hefir þótt afbragðs gott af því sem Brandes hefir ritað, þá fann eg þó, er eg talaði við hann, eins og raunar áður ekki svo mjög sjaldan, að ýmislegt muni það vera, sem okkur muni ekki koma saman um, og fleira en afstaða Íslands og Danmerkur. Því miður gleymdi eg að minnast á við hann það sem þó er glögt að fáir eða engir Danir vita, en það er, að hið núverandi danska ritmál á námi Íslendinga á háskólanum í Kaupmannahöfn — og annars Íslendingum sem þar hafa dvalið í útlegð, eins og Jónas, Konráð, Jón Sigurðsson, Magnús Eiríksson og margir aðrir — mjög mikið að þakka, og er það ekki lítilsvert, en of lítið þakkað. Aldrei hefir mér orðið eins ljóst, eins og þegar eg talaði við þennan vitra mann, hvað erfitt er fyrir Dani að skilja Ísland og Íslendinga, og satt er bezt að segja, hvað þeim er litill hugur á því. En þó er þeim þar að fara fram, og mætti ef til vill nefna ritdómamaðra sem Arne Möller heitir, og virðist efnilegur í garð Íslendinga og ekki eins gjarn á að skoða íslenzka rithöfnum gegnum nokkurs konar smákkunargler eins og eljumaðurinn dr. K. Kaalund, og þó ekki oslofsgjarn, eins og annars einmitt þeim hattir við, sem ekki sjá beztu kosti þess sem þeir eru að hrósa. Dr. Guðmundur Finnbogason þekkit víst annars þennan Möller og væri þakkarvert ef hann segði oss eitthvað af honum.

18. júlí.

Helgi Pjeturss.

Greinar.

X.

Vitran.

Mikið er, aſl sannloikþns
og hann mun sigursöll
verða. Septuaginta.

Eg heyrði rödd svo fagra að eg hafði aldrei jafnfagran hljóm heyrt, ekki einu sinni í söng; og eg sá mann, en þó var var sá sem mér birtist, svo miklu fegri og dýrlegri ásýndum en menn gerast, að eg hef hikað við að nefna hann mann; í heiðni hefði eg haldið að eg hefði séð einhvorn af himum ódaublegu guðum. Það var eins og þessi vera svífi í loftinu nokkrud langt frá mór, svo nū mór hafa síðar komið til hugar orðin um mannsins son, sem kemur í skýjum himins. Af því sem röddin sagði, man eg að eins eitt orð, sem eg mun þó ekki skýra frá að sinni. Öll var ásjóna þessarar veru björt mjög, en röddinni sylgdi eins og ljómi, sem brá í loftið frá vörum þess sem talaði; var eins og geislastafur stæði af munni hans.

Eg ætla ekki að reyna til að útskýra þetta oðruvísi en með því að benda stuttlega á nokkrar athuganir sem virðast vera líks eðlis.

Í opinberunarbók Jóhannesar 1. kap., standa þessi orð: »og er eg sneri mér við sá eg einhveru líkan syni manna, klæddan dragkyrtli og spentan gullbelti um bringuna; en höfuð hans og hár var hvítt, eins og hvít ull, eins og mjöll; og augu hans eins og eldslogi; (sbr. Óðinsheitið Bál-eygur) og fætur hans líkir glómálmí, sem í eldi brennanda, og raust hans sem niður margra vatna. Og hann hafði í hægri hendi sér sjö stjörnur, og af munni hans gekk út tvíeggjað sverð biturt; og ásjóna hans var sem sólin skínandi í mætti sínum«.

Eg hafði ekki litið í Opinberunarbókina í mörg ár þegar eg sá sýn þá sem eg hef sagt frá, og vist aldrei verið

með nein heilabrot út af henni; það var bók som eg treysti mór ekki til að skilja, eg vissi ekki til að eg hefði athugað neitt líkt og þar segir frá; eg hygg að mér hefði ekki sízt þótt óskiljanleg þessi vera með tvíeggjað sverð í munnum. Þeg sú nú, að það sem Jóhannes nefnir tvíeggjað sverð, muni verið hafa eitthvað talsvert líkt því sem mér virtist vera eins og geislastafur. Menn munu botur átta sig á þessari athugun, sem er mjög eftirtektar verð, ef þeir lesa það sem eg skrifði í vor um heilageisla (réttara væri: lífgeisla) í 3. h. Eimreiðarinnar.

Önnur bók en bíblían, þar sem virðast búa undir skyldar athuganir heim, sem eð hof sagt frá í byrjun greinar þessarar, er Edda Sæmundar. Þar eru síðast prentuð Sólarljóð, sem Finnur Jónsson nefnir samsteypu af kristilegum kvæðum frá 12. öld. Þjóðsagan eignar Sæmundi Sigfússyni hinum fróða, sólarljóð, og hvort sem þau eru eftir hann, eða niðja hans Sæmund Jónsson, eða einhvern annan af Oddaverjum, þá kemur fram í því kvæði einn af höfuðsnillingum íslenzkrar tungu, en farinn að eldast og bugast af trúnni. Sólarljóð or vitranakvæði; mörg erindin byrja á orðunum: Sól ek sá; og þegar eg sé komist svo að orði:

Sól ek sá
svá þótti mér
sem stejak góðgan guð;

þá getur mér ekki annað en komið til
hugur einmitt það sem eg sá og það
nonn mór sunnt. Óg eins neigir höfundur
Opinberunarbókariunar: ásjóna hans var
sem sólin.

Greinar.

XI.

Hamar Þórs.

I.

Á Sólarljóðum er svipaður galli eins og á Opinberunarbkók Jóhannesar, (og öðrum opinberunarbókum biblunnar); höfundurinn létur sér ekki nægja að segja frá því sem honum hefir vitraast, heldur útskýrir það líka, og því miður, að því er eg hygg, ekki rótt; annars væri auðvitað um kost að ræða en ekki löst. Höfundur Sólarljóða virðist t. a. m. hafa séð einhverjar lýsandi verur, sama eðlis að því er eg hygg og þær, sem höfundar bíblunnar nefna engla, en ýmsir rit-hofundar þessara síðustu tíma anda. En höfundur Sólarljóða heldur að þessar verur lýsi af einhverjum eldi kvalastaðarins til refsingar fyrir syndir sínar; eða svo virðist mér eðlilegast að skilja orð hans. Erindið er svona:

Menn sák þá,
er af mikillæti
virðusk vánunum framar,
klæði þeira vóru kynlega
eldi umb stegin.

Til þess að skilja þenna misskilning Sæmundar (eða hvað það nú var sem hann hét sem þetta hefir ort) verður að munna eftir því, að kirkjan lagði — eins og einkar vol má skilja af Sturlungu og Árna biskups sögu — hið mosta kapp að prédika helviti, til þess að beygja hina hördu og glaðvöru íslenzku hugi til auðmýktar og kvisða, enda tókst það mikil til, einkum úr því líður á 13. öldina, og síðar.

11. sept.

Dr. Helgi Pjeturss.

Astur og astur bef eg lesið goðasögnurnar, sem Snorri segir af þessari ljómandi snild í Eddu sinni, og verið að hugsa um, hvaða sannleikur muni þar vera í rótinni. Því að enginn skal ætla, að slíkar sögur séu skapaðar alveg af engu, og lygasögur frá rótum Sunnt er í þessum sögum svo fornlegt, að ætla mætti, að þar vottadi fyrir endurminningum frá þeim tínum, er mannssálin fyrst var að mótaðast úr dýrsvitundinni. Er þetta þó hæpin tilgáta og lítilsverð hjá þeirri, að ýmislegt í þeim fræðum muni vera líks eðlis og það, sem í bíblunni er nefnt opinberun, og stafar af tilraunum goðanna til að stytta þennan hörmunga inngang að mannkynssögunni, sem þegar fyrir 10000 árum var orðinn of langur, og hjálpa mönnunum til þess samfélags við sig, sem stefnt er til. En ekki get eg lesið í hinni helgu bók, Eddu, sögurnar af Glitni og öðrum glæsihöllum goðanna, og Iðavelli, án þess að mér komi til hugar það sem Ezekiel ritar, og löngu síðar Jóhannes, um hina nýju Jerúalem.

Augljósara en þetta og auðskildara virðist það, að í sumum goðasögum forseðra vorra höfum vér fréttir af mannkyninu mjög snemma á oldum, svo snemma að þar segir af viðureign steinaldarmanna sem í hellum bjuggu, og svo hinna, sem komu austan og

sunnan og höftu málmvopn og kunnu til húsamíða; það eru Æsir, og kennir þó tvískilnings í sögunum af Ásum; er eins og sumir Æsir hafi verið jarðneskir, en aðrir himneskir.

Í Haustlöng, snildarkvæði Þjóðólfs hins fróða úr Hvini, segir frá bardaga mannsins með steinvopnin, og hins er málnahamarinn hafði. Ír varla furða, þó að sithvað muni vera saman við sannleikann í sögunni af bardaga Þórs og Hrungnis á Grjótungörðum.

2.

Oft hef eg lesið Eddu án þess að hugleiða, hvernig hamar Þórs muni hafa verið, eða úr hvaða málmi. En þó virðast í sögunum vera bendingar um þetta efni. Það virðast vera nokkrar líkur til, að hamarinn hafi allur verið úr málmi, eiti, og þá steyptur. Á það bendir sagan af Sindra dverg, að hann hafi steypt hamarinn. Að vísu segir, að dvergurinn hafi látið járn í aflinn, en ekki þarf það að ósanna sögu mína. Járn gæti upphaflega hafa verið nefnt ísarn eða ísaran, en það orð einhverntíma verið haft um þann málm sem nú er nefndur eir, enda munu þau orð vera skyldari en í fljótu bragði virðist.

Hvort sem nú þessar tilgátur eru réttar eða ekki, þá er það vist, að það er ekki einskisvert að reyna til að fá menn til að hugsa svoltið meir um eðli orða og uppruna, en gert er að jafnaði, einkum þar sem um jafn-forn-göfugt mál er að ræða eins og íslenzkan er, og viturlegt; því að málin eru ekki öll jafn-viturleg. Hvort sem vér virðum t. a. m. fyrir oss enska orðið iron (æron), þýzka orðið eisen eða

danska orðið jærn (jegn), þá virðist mér öll þau orð einhvernveginn fávislegri og ófróðlegrí en íslenzka orðið járn. Og hvern getur grunað að enska orðið iron eigi nokkuð skylt við earl, jarl, þar sem þó er greinilegt, að jarn (íslaran) og jarl (íslarall) er skylt, og þýðir jarl vist að upphafi manna með járn- eða eitvopnið. Svo sögðu menn einhversstaðar jörull i staðinn fyrir jarl eða jarall (líkt og sagt var gjöfurr eða jöfurr fyrir gjafatr) og varð svo úr því enska orðið eorl (örl), en úr gjöfur varð Geoffrey (þf.: gjöfri).

A Norðurlöndum, og viðar, lærðist mönnum fyr að nota eir en járn, og þó alveg furðu seint; lengst af æfi mannkynsins hefir steinninn orðið að duga fyrir vopn og verkfæri, og framfarasporin verið fá og smá, enda minni framfarir á síðari tínum en flestir ætla, og oft og illa snáið af þeirri leið sem að takmarkinu liggar. Hafa menn haft það til, að brenna, eða á annan hátt kvelja til bana, þá sem helzt hefðu getað sagt til vegar, og kemur mér í þessu sambandi ekkert nafn í hug fremur en Giordanos Brunos sem brendur var 17. febr. 1600. Hefir gengið miklu seinni að átta sig á hverir séu göfugastir manna heldur en hinu, hver sé göfugastur málma, því að gullið þektu menn líklega fyrst allra málma og notuðu. Gullið fundu menn hreint, og það gekk mjög í augun, þar sem það er eins og nokkurs konar sólskin í steinaríkinu, og fellur ekki á það, eins og kunnugt er, en of mjúkt var það til að smiða vopn úr því. Gull er á latínu táknað með orðinu aurum og

virðist mér þetta mjög eftirtektarvert, þar sem gull fanst að öllum likindum fyrst á aurum. Mér hefir jafnvel komið til hugar, að aurum á latinu, og aurum á íslenzku muni vera sama orðið; og veit eg þó vel að ýmsir merkir málfræðingar leggja ekki mikil upp úr slikum líkingnum; eins og til dæmis að taka professor Alexander Bugge, Sófusarsonur, sem segir að þegar þess konar menn, sem við hirð Noregskonungs voru nefndir gestir, eru hjá keltneskum konungi nefndir gueste (gestur er þó á ensku ritað guest) þá sé það ekki sama orðið. Virðist mér þetta einn þátturinn í þeim leiðinlega misskilningi á eðli keltneskunnar, sem nærri því má telja eitt af andlegum einkennum sumra norræna málfræðinga, og hefir bakað Norðmönnum og Íslendingum alls ekki svo litið tjón, og það alls eigi einungis með því að gera sitt til að skemma vitið í Guðbrandi Vigfússyni, sem var að upplagi svo stórváfaður, en varð á endanum varla betur íslenzkur en sum þessi síðustu orð míni. Um Guðbrand og þann útlenzku herfjötur, sem á hann kom og nokkuð að vonum, vegna einstæðingsskapar hans og skilnings-skorts af landa hans hálfu á þessum fáðæma gáfumanni, þyrfti að rita sér-staka grein; en eg sný mér nú aftur að þeim samanburði á latinu og íslenzku, sem vakið var máls á. Það mætti nefna nörg latínsk orð, sem eru í nefnifalli eins og þágufalli, og stundum eignarfallsmyndir af íslenzkum (norrænum) orðum. Í mállyzkum þeim, sem nefndar eru nú danska, norska og sánska, er það algengt, að nefnifallsmynd orða hefir týnst í

miðaldramyrkrinu, en aðrar myndir, einkum þágufallsmyndin, komið í staðinu. Stendur Norðurlöndum voði af því hvernig málid skemdist á miðoldunum, og hefir ekki rétt við úr þeiri hnignun enn, og mun ekki rétta við, nema Íslendingar sjái sitt hlutverk, og takist að koma Norðurlandaþjóðum í skilning um, að þeir geta hjálpað í málleysuvandréðunum, ef Íslendingum er hjálpað til að gera land sitt byggilegt, svo að þar króknar ekki eins mikil af atgervi og kreppist á ýmsan hátt, eins og hingað til hefir átt sér stað.

Nokkuð svipuð afstöðu sánsku og dönsku við íslenzku, er afstaða frönsku við latinu, og ítolsku líka, þó að ítalska sé miklu líkari latinu, þrátt fyrir alla miðaldaskemd, heldur en danskan íslenzku. En um frönsku er það að segja, að þó að hún sé talsvert júðskuð, eins og annars öll nýju málin, þá er svo mikil af norrænum bögu-mælum og orðahnnullungum í henni, að það er varla rétt að nefna hana rómanskt mál; (aucun = ókunn; yeux = augu, með barnsframburði: auju, en alls ekki latínska orðið oculi; mætti þar halda lengi áfram). En þegar vér sjáum hvernig afstaða latlnunnar við íslenzku, líkist nokkuð afstöðu ítolsku við latinu, og þegar vér enn fremur sjáum að indversk staða- og mannanöfn líkjast oft íslenzkum orðum, og meir íslenzkum orðum en latínskum, þá virðist óstæða til að ætla, að íslenzka sé eldra mál en latina. Þegar íslenzki háskólinn er orðinn svo auðugur af gjöfum útlendra auðmannar af íslenzkum ættum, að hann getur gert út leiðangur suður til Indlands og einkum til þeirra sem þar eru

hraustastir, en það eru Siklingar (Sikhs) og Ragungar (Rajputs = konungs-synir, Ragi = Rajha (Raga) er á Ind-versku konungur), þá býzt eg við að menn muni gera ýmsar merkilegar uppgötvunar, og eina af þeim þá, að hinir frægu þýzku málfræðingar sem mest hefir kveðið að i ættfræði málanna, hafa ekki kunnað nógu vel íslenzku. —

Orðin í smíðavísu Skallagríms:

gjalla læt ek á golli
geisla njóts meðan þjóta
hafa komið mér til að hugsa um hvort
orðið gull geti ekki verið leitt af að
gjalla. Hefir snemma þótt fagur
hljómurinn í gullinu.

3.

Í mörgum hinum fornu sögum er eins og eitthvert morgunskin, enda munu sumur goðasögurnar vera frá þeim tímum er loftslag var betra á Norðurlöndum en nú, og meira sólsskin. Í maunkynssögunni er eins og einhver éljagangur, og skín af á milli og á einum af þessuu sólskinsköflum var það sem Æsir komu með hið göfugasta mál hingað á Norðurlönd, og mun goðunum, sem hefir verið ami í að sjá hvað vandræðalega seint og illa gengur að mannast hér á þessum útkjálka hins byggilega heims, hafa þótt vénlegar áhorfast, er menn lærðu að byggja yfir sig í stað þess að skriða í jörð, og öðluðust slíkt verksfæri til framtíða eins og gott tungumál getur orðið. En aftur kólnaði og syrti að, og andlegt myrkur og grimmúð færðist yfir þær þjóðirnar, sem framfaravænlegastar voru, og lengst hefðu getað komist. Og í mið-

aldamyrkrinu skemdust beztu málin, júðskuðust og astlöguðust á ýmsan hátt, og aðeins eitt hinna göfugu formála lifir enn, talað af smáþjóð á eyju, sem stundum naumast hefir verið mönnum byggileg, svo að þeir sem ættgöfugastir eru á Norðurlöndum, hafa átt meir en tíu sinnum örðugra uppdráttar en frændur þeirra í Noregi. Er því engin furða þó að Íslendingar hafi kúgast látið, og bugast á ýmsan hátt, svo að þeir þora nú varla annað en sækja til stærri þjóða hvað þeir eigi að halda um sjálfa sig. Fólkstala í Noregi var einusinni rúmlega tvöföld við mannfjölda á Íslandi, en nú eru Norðmenn prítugfaldir við Íslendinga, eða vel það. Svo dýrt hefir það verið að varðveita norrænuna, sem hér á landi hefir verið bezt tölud og rituð og heitir nú íslenzka. En góðs viti er það, að það skyldi vera bezta mális, sem lífs komst fram úr myrkri og myglu miðaldanna og allri þeirri andlegu kúgun, sem yfirdrotnun júðadómsins hefir haft í fór með sér. —

Sumt í ritgerð þessari er óstuddara en mér likar vel, en þó hygg eg að meira sé í henni rétt en rangt og því kemur hún fyrir almennings sjónir.

2. október.

Helgi Pjeturss.

Greinar.

XII.

Sannara um sannskri(f)t.

Grein þessi er nokkurs konar framhald af dálitilli ritgerð um indversku, sem stóð í Óni í vor, og þar sem þess ekki var gætt, að orðið vassanda sem mér heyrðist maðurinn segja, gæti ef til vill þýtt vatnsenda; því að Indverjinn sagði, að orðið þýddi blómgan, en alt fer að blómgast astur, þegar rigningunum miklu linnir þar suður frá.

Greinin þessi er einnig áframhald af síðustu greininni (XI.), og annars fleiru sem eg hefi skrifsað; munu margir finna, ef þeir lesa nögu vel, að meira samhengi er í greinum mínum en þá hefir grunað; en sá sem ekki les oftar en einu sinni það sem þess er vert, á eftir að læra að lesa.

Sannskrit heitir hið fornhelga mál Indverja, og á því málí eru Eddur þeirra (Veda). Það hefir farið um það mál, eins og um latinu og grísku, og lá nærrí að færi um íslenzku, það er ekki mælt mál nú á dögum, og er orsókin hin sama alstaðar, minni speki mannkynsins og sann-fróðleikur um sum mjög árfðandi efni, en um eitt skeið var, eða þó öllu heldur stefnt til.

Í þessum indversku Eddum er nú margt skemtilegt og býsna fróðlegt, og mundi eg telja þær bækur fornhelgastar allra, ef ekki væru til íslenzkar bækur, þar sem nefndur er Alfaðir, og er það víst, að það nafn er ekki lánað hjá Gyöngum, sem vildu gera guð að júðskri séreign, líkt og guð þessara tíma, alt gullið í bönkunum og annarsstaðar.

Það er nærrí því furða, að íslenzkir fræðimenn skuli ekki hafa sint

heilagri ritning Indverja meir en er og verið hefir. En eg veit nokkuð hvað veldur; örðug kjör þeirra sem helst hefðu getað orðið vísindamenn, (því örðugri oft og einatt, sem vitið var meira) og skiljanlegt skilningsleyxi fátækrar og kúgaðrar þjóðar á starfsemi slíkra manna. Eg furða mig miklu meir á því sem íslenzkir fræðimenn hafa gert, heldur en hinu, sem þeir hafa látið ógert. Hér hefir verið svo erfitt að ná því andlega frelsi sem þarf til þess að hugsa sitt og þora að fara þá leið sem menn ætla rétta, þó að hún stefni alt annað en þeir halda, sem þykja og þótt hafa mestir menn. Hér hefir þurft svo sérstaklega heppni til þess að geta, þó ekki sé nema stundum, haft orku til að hugsa nýja hugsun. Því að hver ný hugsun er nokkurs konar sprenging, sem þarf að safna afli til, og safna afli eftir, ef vel á að fara. En af slíkum sprengingum, og því ljósi sem þeim fylgir, hefði þurft talsvert, til þess að birti til í þeirri svartaþoku, enskri og annari, sem sett hefir yfir fornbelg fræði austari landa en þess, sem einu sinni hét Kanaan.

Þessi grein hér, er sprottin af löngun til að vita, hvort ekki þykir fleirum en mér fróðlegt nafnið á konunni hans Visnýs, en eins og birti eitthvað af því, eða þeim, því nöfnin eru tvö. Visnýr (Vishnū) er einn af guðum Indverja, og konan hans heitir Lakshmī. Eg kannaðist fyrst ekkert við þetta orð, og það hefði mátt telja mér trú um að það væri kínverska. En svo fór eg að hugsa um, að það er Englendingur, sem skrifar upp það sem brahmanninn eða brahmínn (bragamaðurinn) indverski segir honum, og veslings Englendingurinn, sem á að striða við ensku stafsetninguna, einhverja þá örðugstu og miðaldalegustu sem til er, og svo háskalega, að hún

mun eiga drjúgan þátt í því, fari svo, að Englendingar missi Indland, þessi enski fræðimaður skrifar heitið á lagskonu Visnýs eins og áðan var gert, en það sem Indverjinn sagði, var ekki ert annað en orðið lagsmey, þó að framburðurinn kunni að hafa verið nokkuð í áttina að lagsjmi; (líkt og auju (augu) í frönsku hefir orðið að iju, skrifð yeux). Sjáum vér afþessu orði, að gyðjurnar eru, eins og við var að búast, meyar nefndar, ekki síður fyrir því, þótt giftar séu (sbr. líka »Óðs mey«). En það stafar nú af dálitum misskilningi á máli guðanna, þegar sagt er að gyðjan sem getið var um, heiti lagsmey; hún er lagsmey Visnýs — liggur hjá honum —, en heiti á hún annað, enda gat Indverjinn um annað nafn á henni, sem Englendingurinn táknaði með stöfunum Sri eða Çti; það er Sigriður, sem á nýnorsku er Siri.

Fleiri indversk nöfn eru mjög fróðleg. Sólguðinn er nefndur Sárya, það er Suðurauga og minnir það á orð Jónasar:

Hvað er svo glatt sem hið góða
guðs auga, kemur úr suðri.

Annað heiti á sólguðnum er Savitri, sá vitri. *Savitri* = sá, hann á vitri.

En það er nú fleira að athuga við penna sóleyga og vitra guð Indverja en nafnið eitt. Kemur engum til hugar það sem Sæmundur segir í Solarljóðum sínum? Hann sér, í vitran, sól, og þegar hann hyggur betur að, þá er það sem honum virtist sól, hin tignargöfga ásýnd eins af guðunum, ásýnd sem er svo björt, að höfundur opinberunarþókarinnar líkir slíkri við sólina skinandi í mætti sínum, eins og minst var á í X. greininni.

Héðan hygg eg nú megi átta sig á efni sem menn hafa verið að reyna að skilja í meir en 2000 ár, en það er hvað búi undir hugsjónakenningu

Platos. Plato var af fornnum konungættum, eins og Sæmundur fróði og Ari og Snorri, og var, eða varð, frægastur allra heimspekinga í fornöld. Sínni æðstu hugsjón, hugsjón hins góða, segir heimspekissöguritarinn Gomperz (griechische Denker, II, bls. 386) líkir Plato við sólina. »Hugsjón hins góða er honum æðsta orsök undir eins als vitaðs og allrar veru. Hún er sú vera, sem öll önnur veran verður rakin til, og kemur hjá Plato, á þessu stigi hugsunarsögu hans, nærrí því í stað hins æðsta persónulega guðs. Erfitt eða jafnvél alveg ókleift er það fyrir oss, að gera oss ljósá grein fyrir hvað það er sem Plato hefir átt við með þessari hugsun.«

Mér hefir farið líkt og Gomperz þarna, og fundist hugsjóna, eða eins og Grímur Thomsen segir, frumsjónakenning Platos, sem eg hefi raunar aldrei kynt mér í hans eigin ritum, óskiljanleg, þrátt fyrir allar útskýring, ar. Nú þykist eg sjá hvað undir byr, og eru það ekki lítil tiðindi, ef rétt væri séð. Þetta sem Plato nefnir ekki altarf með orðinu idea, sem þýtt hefir verið hugmynd, heldur eide: það sem hann hafi séð, hafa verið þess konar höfuðórar, sem réttara er að nefna vitranir. Plato hefir séð eitthvað líkt því, sem Indverjum skapaði trúna á guðinn Sóleyg, og eitthvað líkt því sem Islandingurinn yrkir um í sólarljóðum. En vitranir hins andlega mjög sjálfstæða Platós, voru ef til vill ekki eins greinilegar eins og vitranir þær, sem Ezekiel og Jóhannes segja frá, og líkari vitrunum Sæmundar. Þykir mér ekki ólíklegt að Plato hafi á síðari árum hálfgleymt þessum vitrunum og gert úr því hugmyndir. Plato sá sýnir, og Sókrates heyrði rödd, sem sagði honum ýmislegt, sem aðrir heyrðu ekki, og Xenophon segir, að hann hafi sagt fyrir ókomna hluti, eins og

Njáll, sonur Þorgeirs gollnis, eða hins gullna.

Nafnið Njáll kemur fyrir í Noregi ennþá; hver getur éfast um, að Njáll sé, sem Kielland lýsir svo hjartnæmt vel í »Arbejdsvolk«, sé nafni Njáls? En á Indlandi nefir samt þetta nafn breyzt minna en í Noregi. Einn af höfðingjum sikhanna, sem eg í síðustu grein nefndi að gamni mínu sikingla, hélt Nehal, það er að segja Níal, en þannig var nafnið horið fram til forna í skáldskap. En Njáll mun upphaflega vera Nýall, maður sem hugsar nýtt og tekur upp á nýum síð. Annan indverskan Njál sá eg nefndan nýlega, hafði hann verið að rita um sterkaða manna á Indlandi nú, sem virðist varla ósterkari en Grettir var, og heitir Rama Murta Naidu, eða niðji Murta hins ramma, ef það er þá ekki niðji Marðar hins ramma; það veit eg ekki með vissu. En sá sem sögurnar segir af Ramm þessum, heitir fullu nafni Saint Níhal Snigh, og er þar Njáls nafnið áreiðanlegt, en alt hygg eg að þetta geti þytt »sonungur« eða afkomandi Njáls, þó að langt sé til að telja, eða með öðrum orðum: maður kominn af Njáli að langfeðgatali. Nafnið Chundra eða Kundur reka menn sig stundum á þar sem Indverjar eru nefndir.

Sudra heitir fjórði og fjölmennasti flokkur hins indverska mannfélags; eru þeir dökkir á hár og hörund, eins og sennilega dvergurinn Litur, sem Þór var svo ómannuðlegur að hrinda á bál Baldurs; minnir mig að eg hafi séð það haft eftir hinum fræga sanskritarfræðing, Max Müller, að nafnið á suðrunum sé dregið af hörundslitnum; en það hygg eg sé ekki rétt; Sudrar eru Suðrar; Snorri nefnir í Eddu sinni Suðra dverg; en Brahmaðar er sama sem Bragmenn, hinir bjórtu menn, og voru stórvaxnari en suðrarnir og komu ofan úr Himinfjöllum; en bragur karla — segir Snorri

— eða bragur kvinna er sá kallaður, »er orðsnild hefir framarr en aðrir«; er auðskilið hvernig á þessari þýðingu orðsins stendur, og eins á því, að bragur skuli þýða kvæði; hinir bjartleitu menn voru öðrum freMRI að málsnild, og kendu að tala og kveða, og fór þar líkt að sínu leyt eins og þegar nafnið á dökkum lit er dregið af Suðrunum. En á þessu hefir Max Müller ekki varað sig, og öðru sliku. Var Max Müller háskólkennari í Oxford, samtímis Guðbrandi Vigfússyni og frægur mjög, eg veit ekki hvað mörg þúsund sinnunum frægari en Guðbrandur. Eg hefi einu sinni komið í háskólann í Glasgow, og hafði þá fyrir skömmu Max Müller verið fenginn þangað til að flytja fræði sín, og haft að launum, auk þakklætis áheyrenda, 900 kr. fyrir hvern fyrirlestur. Er auðveldara fyrir mann að stunda vísindi, þegar orð hans eru svona mikils metin. Af því að eg hefi séð góðan Íslending nefna þessa tvö menn saman, í þeirri trú, að Þjóðverjinn heimsfrægi við Oxfordar háskóla, hafi verið meiri maður en Íslendingurinn, sem varð að láta prenta bækur sínar sumar með svo smáu letri, að nært eru ólæsilegar, og í formála, eftirmála, og útúrdúra mynd, þá skal eg geta þess, að eg hygg að Guðbrandur Vigfússon hafi haft tvö vit Max Müllers, eða meir, hefði hann notið sín. En

Hrörnar þöll

sú's stendur þorpi á,
eins og þar stendur. Það má ekki vera svo einfaldur að ætla, að samtíðarfrægð sé nema stundum réttur mælikvarði á verðleika manna, þó að alt muni nú verðarétt um síðir.

Úr því að hingað er komið, verð eg að minnast á Pögg þá, sem ekki vildi gráta Baldur úr helju. Eg skrifia Pögg, því eg hygg að Snorri frændi hafi ekki haft rétt fyrir sér, þegar hann

skrifada Þökk. Þögg hygg eg sé indversk gyðja, sú hin sama sem öðru nafni hecitir Kali, sem menn vita hvað þýðir. Var gyðja þessi af misskilningi — því að meir eða minna háskalegur misskilningur er vist því miður einkenni á flestum, ef ekki öllum trúarbrögðum — tignuð með mannblótum. Flestar, sem lesið hafa sögur frá Indlandi, kannast við illmenni þau og morðingja, sem Thugs (Þöggs) nefndust; en thug mun vera sama sem Þöggur, sem væri rétt myndað íslenzkt orð af að þagga, fá til að þegja; í kvenkyni þögg. En illmenni þau og aular, sem tignuðu Þögg og nefndust af hennar nafni, kæfðu þá sem þeir myrtu.

Fer eg þá að komast að niðurstöðunni af hugleiðingum þeim, sem ritadar hafa verið, og öðrum miklu fleiri, sem eg hefi ekki ritað enn. Í Eddunum indversku og á indverskum tungum má finna fjölda af orðum, sem líkjast mjög orðum, sem vér nefnum íslenzk. Íslenzkan er runnin upp suður í Himalaya eða Himinfjöllum, og án þekkingar á íslenzku, betri þekkingar á íslenzku, en jafnvel þýzkir fræðimenn hafa aflað sér hingað til, geta menn ekki átt að sig eins og þarf, á Sannskrit og hinni fornhelgu speki Indverja; ef til vill ekki einu sinni Indverjar sjálfir; því að íslenzkan er líkari en nokkurt annað mál á jörðunni, jafnvel sannskrit, því mál, sem goðin á einum af þessum sólskinsöldum, þegar þau gátu betur komið við hugaraflí sínu á þessum hala veraldar, en endrarnær, voru að reyna að kenna þessu gullhærða mannkyni, sem hafði risið upp með hjálp guðanna, í hinum ótrúlega sviptignu döllum og hliðum suður í Himinfjöllum, þar sem loftið var heilnæmara og alt stórfenglegra og líkara því sem sumstaðar er á himnum, en annarsstaðar

gerist á þessari jörð. Um þetta heimkynni Ásanna virðist þetta kveðið:

Ár var alda
Arar gullu,
hnigu heilög vötn
af Himinfjöllum.

Heilög nefndu þeir vötnin þegar þeir voru komnir niður á sléttlendið, og sáu í fjarska fjöllin fögru, hvít og og blá, þar sem vötnin áttu upptök sín, og þar sem guðirnir höfðu getað vitrast forseðrum þeirra.

Frá Himinfjöllum dreifðust Æsir út um löndin og spiltust, og mál þeirra, en þó sítz á Norðurlöndum og þó einkum á Íslandi, þar sem hið fornhelgasta mál lifir enn, þó að mannfólkini hafi mikið hnignað frá því sem áður var.

Hér læt eg staðar numið, þó að lengra verði að halda síðar. Lesandinn má ekki ætla, að hér sé um hé-gómamál að ræða, eða að þeim sem ritar, sé ekki alvara að leita vísinda, þó að sumstaðar sé djarft til getið. Sumum kann að virðast sitthvað það, sem hér er ritað, firrir, eða jafnvel bera vott um vitfiring, og eins það, að eg hygg þau efni, sem hér er vík- ïð á, snerta meir framtíð íslenzku þjóðarinnar en margt annað, sem að réttu er áriðandi talið, og eigi einungis íslenzku þjóðarinnar. En eg vona samt, að það verði fáir sem telja þetta firrir, og færri vitfiring. Því að öll heimska kemur mönnum illa í koll, fyr eða síðar, eins og mannkynssagan sýnir, og þín eigin æfisaga, ef þú skilur hana. Og heimskan kemur í koll, eigi einungis hinum heimskari, heldur einnig hinum vitrari, og það jafnvel ver og háskasamlegar; og er það ilt að sjá og reyna, þó að vita megi, að einhvern tíma fæst allra mala eiðréttung.

9. okt.

Helgi Pjeturss.